

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Icomas 0,3%, 0,3%, 0,3% lyfjagas undir þrýstingi

Kolmónoxíð (CO), asetýlen (C₂H₂) og metan (CH₄)

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Icomas og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Icomas
3. Hvernig nota á Icomas
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Icomas
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Icomas og við hverju það er notað

Þetta lyf er eingöngu ætlað til sjúkdómsgreiningar á lungnastarfsemi. Icomas má eingöngu nota hjá sjúklingum sem geta framkvæmt prófið, án tillits til aldurs.

2. Áður en byrjað er að nota Icomas

Börn og unglingar

Þetta lyf á að nota með varúð hjá börnum. Leitið ráða hjá lækni eða hjúkrunarfræðing áður en lyfið er notað.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða hjúkrunarfræðingnum áður en lyfið er notað.

Icomas ætti ekki að nota á meðgöngu nema brýna nauðsyn beri til.

Icomas má nota á því tímabili sem brjóstgjöf stendur yfir en ekki við brjóstgjöfina sjálfa.

3. Hvernig nota á Icomas

Icomas er aðeins ætlað til þess að framkvæma próf á lungnastarfsemi.

Þú skalt fylgja leiðbeiningum þeirra starfsmanna sem framkvæma prófið.

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða hjúkrunarfræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða hjúkrunarfræðingi.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er notaður af Icomas

Ef þú hefur tekið inn of mikið af lyfinu getur þú fengið einkenni vegna of lítills súrefni í blóðinu, eins og skerta meðvitund, höfuðverk, svima, ógleði, uppköst og óskýra sjón, brjóstverk, andþrengsli, þröttleysi eða önnur óljós sjúkdómseinkenni.

Ef þú finnur fyrir einhverjum þessara einkenna skaltu tafarlaust láta heilbrigðisstarfsfólk vita og hætta frekari innöndun á Icomas .

Öryggisleiðbeiningar

- Icomas er aðeins ætluð til lækninga.
- Bann er við reykingum og opnum eldi í herbergjum þar sem efnið er notað.

Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Engar þekktar aukaverkanir koma fram í tengslum við notkun á Icomas.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Icomas

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið hylkin á læstu svæði sem ætlað er fyrir lyfjagas. Mega ekki vera í miklum hita.

Ef hætta er á eldsvoða, færið á öruggan stað.

Meðhöndlið af varúð. Verður að skila með 5 bara yfirþrýstingi.

Geymið og flytjið hylki með skrúfað fyrir lokann og með hlífðarloki.

Ekki skal nota Icomas eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á lotumiða hylkisins.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Hvað inniheldur Icomas

- Virku innihaldsefni eru kolmónoxíð (CO), asetýlen (C₂H₂) og metan (CH₄)
- Önnur innihaldsefni eru súrefni (O₂) og köfnunarefni (N₂).

Útlit Icomas og pakkningastærðir

Icomas er litlaus, lyktarlaus og bragðlaus lofttegund.

Lyfjaform: lyfjagas undir þrýstingi

Á hálsi hylkisins eru ljósgrænar merkingar (eðalgas). Meginhluti hylkisins er hvítur (lyfjagas).

Pakkningar (ásamt efnum) og lokar:

10 lítra álhylki með loka

20 lítra álhylki með loka

40 lítra álhylki með loka

50 lítra álhylki með loka

Markaðsleyfishafi

Linde Sverige AB

Rättarvägen 3

169 68 Solna

Svíþjóð

Framleiðandi

Linde Gas AB
Baltzar von Platens gata 4-6
749 47 Enköping
Svíþjóð

Linde GmbH
Seitnerstr. 70
82049 Pullach
Þýskaland

Auka framleiðslustaður:
Linde GmbH, Betriebsstaette Leuna
Spergauer Straße 1a
06237 Leuna
Þýskaland

Linde Gas Therapeutics Benelux B.V
De Ketten 7, 5651 JG te Eindhoven
Holland

Upplýsingar veittar af

Linde Gas ehf.
Breiðhöfða 11
110 Reykjavík
Sími: 577 3030

Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Austurríki	iCOMas
Belgía	Carbon monoxide 0.3%, Acetylene 0.3%, Methane 0.3% Linde
Danmörk	Icomas
Finnland	Icomas
Þýskaland	iCOMas
Ísland	Icomas
Lúxembúrg	ICOMAS
Holland	ICOMAS
Noregur	Icomas
Portúgal	Icomas
Spánn	ICOMAS
Svíþjóð	Icomas

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í desember 2021.

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á heimasíðu Lyfjastofnunar - Sérlyfjaskrá:
www.serlyfjaskra.is

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsfólki:

Öryggisleiðbeiningar

- Tengid aðeins við búnað sem ætlaður er til lækninga
- Haldið hylkinu hreinu og lausu við olfu og feiti.
- Lokið fyrir búnaðinn þegar hann er ekki í notkun.

- Ef eldur kemur upp skal loka fyrir búnaðinn.
- Opna skal fyrir þrýstijafnarann hægt og varlega.
- Icomas má aðeins nota á vel loftræstum svæðum.
- Þegar hylkið er í notkun þarf það að vera fest á viðeigandi hátt.
- Ekki má nota efnið við minni þrýsting en 5 bör. Þessi lágmarks þrýstingur verndar hylkið fyrir mengun.
- Eftir notkun skal skrúfað fyrir lokann þéttingsfast. Hleypið þrýstingi af þrýstijafnarannum eða tengingunni.